



Eiríkur Jónsson

Þvafæraskurðlæknir  
eirikjon@landspitali.is

## Hvað er sjúkrahús?

Margt dynur á Landspítala um þessar mundir og heimsfaraldur setur alla hefðbundna starfsemi úr skorðum. Reksturinn var þó ekki vandræðalaus fyrir og í raun man ég ekki eftir að hann hafi verið í lagi þá áratugi sem ég hef unnið á stofnuninni. Af því að mér er annt um það mikilvæga starf sem þar er unnið, vaknar spurningin: „Hvað er til ráða?“

Um miðjan áttunda áratuginn vann ég nokkur sumur í fiskvinnslu og við togveiðar frá Vestmannaeyjum. Þetta var fyrir daga kvótakerfisins og höfnin var full af trollbátum. Allir kepptust við að veiða sem mest og iðulega var landburður af fiski. Bryggjan fyrir framan Fiskiðjuna fylltist af fiski þegar hæst stóð í stönginni. Vinnslulínan lá frá móttökunni inn í vélasalinn, gegnum flakasnyrtingu, pökkun og loks í tækin þar sem afurðin var hraðfrost. Afliinn hjá bátunum var ísaður í lausar stíur og það sem fyrst kom í trollið var orðið að graut við löndun. Mikil virðing var borin fyrir aflamagni en minni fyrir einstaka fiski. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og nú má sjá í fiskveiðum og vinnslu gríðarlega framför þar sem áhersla er lögð á sérhvert flak. Markið sett á aðferð, skilvirkni, verð og gæði.

Ég tel að glettilega stóran hluta verkefna Landspítalans megi skilgreina sem framleiðslu og þess vegna líkja við starfsemi sjávarútvegsfyrirtækis – og ég tel að það viðhorf geti verið hjálplegt. Hráefni þess síðarnefnda er meðhöndlað þannig að það skemmist ekki í meðförum og stefnt á að koma því út í verðmætara ástandi en við var tekið. Sjúklingar leita til sjúkrahússins í sama tilgangi en

virðisaukinn mælist í betri líðan, virkni eða lengra lífi. Samlíking sjúkrahúss við sjávarútvegsfyrirtæki og sjúklinga við hráefni hljómar kannski óviðeigandi og á hugsanlega við um skurðlækningar umfram aðrar sérgreinar. Ef grannt er skoðað á hún þó við hjá fleirum. Mér dettur til dæmis í hug inngríp röntgen-, hjarta- og meltingarlækna og umfangsmikla dag- og göngudeildastarfsemi krabbameins-, gigtar- og blóðsjúkdómalækna. Slík hugmyndafræði á kannski ekki við um alla meðferð en ég bendi þó á að sjúklingur sem leggst inn vegna þunglyndis og sjálfsvígshugmynda er settur í fjölbætta meðferð og gæslu sem hugsanlega má skilgreina sem vandasant vinnsluferli.

Þá er kennsluhlutverk spítalans gríðarlega mikilvægt, hvar nemendur læra rétta aðferð og rétt handtök. Vísindastörf eru svo krúnudjásn starfseminnar.

Markmið sjúkrahússins á fyrst og fremst að vera laus fjölbreytilegra og flókinna verkefna frekar en að setja framleiðslumet í þeim einfaldari. Það er ekki öllum ljóst hversu flókin verkefni eru leyst á Landspítala og telst til undantekninga ef sjúklingar eru sendir til annarra landa. Það telst afrek í sjálfu sér fyrir ekki fjölmennara samfélag og er ein haldbesta staðfesting á sjálfstæði þjóðarinnar.

Vel má flytja verkefni frá Landspítala á aðrar sjúkrastofnanir á höfuðborgarsvæðinu eða út á land. Ég sé ekkert að því að læknar Landspítala stundi sjúklinga á öðrum stofnunum og þess vegna sem starfsmenn spítalans. Þau verkefni sem ekki tilheyra Landspítala þarf með öllum ráðum að halda utan þess. Sjúkrahúsið getur til dæmis aldrei haldið uppi eðli-

legum afköstum ef það á einnig að vera hjúkrunar- eða dvalarheimili. Það er ein ástæða þess glundroða sem ríkir nú. Heimsfaraldur hefur sannanlega aukið hressilega á upplagið en afhjúpar þó eldri vandamál.

Fiskiðjan hafði vinnslulínu og það er auðvelt að koma auga á slíka í skurðlækningum þó svo hún sé einnig greinileg hjá öðrum sérgreinum. Göngudeild, dagdeild, legudeild, skurðstofa, vöknun, gjörgæsla og sjúkrahótel raða sér til dæmis þannig upp. Sé línan tekin úr sambandi eða flæðið tregðast er öll vinnsla og afköst í uppnámi. Á Covid-tímum hrekkur svo keðjan endanlega af hjólinu þegar þetta 80 milljarða fyrirtæki snýr sér til einnar áttar. Einn sér ekki fram úr verkefnum á meðan annar situr verklaus.

Eftir því sem árin líða verður þetta vinnsluhlutverk sjúkrahússins mér hugstæðara og finnst sem augu margra hvarfli frá þeirri einföldu staðreynd. Þrátt fyrir að víða sjáist frábært framlag einstaklinga og eininga, sjá starfsmenn sig ekki endilega hafa framleiðsluhlutverki að gegna, hvað þá sem hlekk í virðiskeðju. Sakna þá hins vökula auga frystihúsvorkstjórans sem gekk um húsið og umturnaðist ef útaf bar.

Eitt og annað gæti Landspítali lært af reynslu sjávarútvegsins og hvernig sú grein komst á betri stað, til dæmis með því að líta á ákveðin viðfangsefni sín sem framleiðslu. Hana tel ég kjarnann í erindi sjúkrahússins og standi maður frammi fyrir vali á milli kosta skal alltaf spyrja: „Hvað er gott fyrir framleiðsluna?“ Góð framleiðsla býr til gott sjúkrahús.